

EFTIRLITSSKÝRSLA

Langanesbyggð Bakkaf Bakkafjörður



Dags eftirlits	2.6.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Langanesbyggð Bakkaf	Eftirlitsmaður	
Heimili	Fjarðarvegi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420369-1749	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jónas Egilsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Þorri Friðriksson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Langanesbyggðar á Bakkafirði. Tvö frávik komu fram við eftirlit er varða skil á skráningum. Frá eftirliti 2020 voru opin fjögur frávik. Staðfestar voru úrbætur vegna fráviks er varðar frágang urðunarreina. Þrjú frávik eru því enn opin frá eftirliti 2020 er varða geymslu á urðunarstað, skráningu umhverfis- og rekstrarþátta og skil á þeim skráningum.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með urðunarstað Langanesbyggðar á Bakkafirði. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Starfshættir og umhverfismarkmið (gr. 2.1)
3. Verkstjórn og takmörkun aðgangs (gr. 2.3)
4. Varnir gegn foki úrgangsefna (gr. 3.4)
5. Daglegur frágangur urðunarreina (gr. 3.10)
6. Niðurstöður eftirlita 2020
7. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits
8. Önnur mál

Á urðunarstað Langanesbyggðar er heimilt að taka á móti allt að 200 tonnum á ári af úrgangi sem hefur verið meðhöndlaður, flokkast ekki sem spilliefni og fellur í flokk 02 og 20 samkvæmt reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum hans. Árið 2020 voru urðuð 186 tonn af úrgangi á urðunarstaðnum og á úrgangurinn uppruna sinn í Langanesbyggð.

Farið var yfir starfshætti og verkstjórn á urðunarstaðnum. Verktaki sér um að urða þann úrgang sem berst og er urðunarstaðurinn því aðeins opin þegar þörf er á. Reynt er að taka tillit til vindafars við urðun eftir því sem því verður við komið. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er gengið frá urðunarreinum með reglubundnum hætti.

Við eftirlit 24. september 2020 komu fram fjögur frávik er varða geymslu úrgangs á urðunarstaðnum, frágang urðunarreina, eftirlit með umhverfis- og rekstrarþátum og skil á skráningum fyrir árið 2019. Við eftirlit nú voru staðfestar úrbætur vegna frágangs urðunarreina. Einnig hefur rekstraraðili nú sent inn skráningar er varða tl. 2-5 í gr. 4.1 í starfsleyfi. Eftir stendur að skráningar vegna tl. 6-11 er varða vöktunarmælingar og veðurfarsupplýsingar í gr. 4.1 vantar.

Rætt var um áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlits. Urðunarstaðurinn er sem stendur í áhættuflokki A. Áhættumat er endurskoðað samhliða eftirlitum ársins.

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 4.1 í starfsleyfi, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs	Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis – og rekstrarþátum sem valdið geta mengun. Skráningar vegna tl. 6. – 11 voru ekki tiltækar við eftirlit.
gr. 4.4 í starfsleyfi, sbr. 22. gr. í reglugerð nr. 738/2003 um urðun	Rekstraraðili skal skila eftirlitsaðila niðurstöðum skráninga sbr. gr. 4.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Við

úrgangs og 19. gr. laga nr. 55/2003 um eftirlit höfðu ekki fullnægjandi skráningar ekki borist til meðhöndlun úrgangs eftirlitsaðila.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.09.2021



Sigríður Magnúsdóttir

